



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
7. fundur 2013 (38. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 12.12.2013 kl. 10 í húsnæði Vegagerðarinnar í Reykjavík.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Steinþór Einarsson	skipulagsnefnd
Sigurður Thoroddsen	"
Magnús Stefánsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Páll Pálsson	skipulagsfulltrúi

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar – kynning á stöðu vinnunnar

Undir þessum lið mættu á fundinn Stefán Gunnar Thors, VSÓ Ráðgjöf og Sigbjörn Kjartansson, Glámu Kím.

Fóru þeir yfir stöðu aðalskipulagsvinnunnar. Gert er ráð fyrir að drög að endurskoðuðu aðalskipulagi liggi fyrir í janúar 2014, tillaga í marslok og samþykkt skipulag í júlí. Helstu viðfangsefni eru staðsetning nýrra flugbrauta og umhverfisáhrif þeirra, flugþjónustusvæði, atvinnusvæði, hindrunarfletir og síðan framsetning tillögunnar í heild sinni. Gerð var grein fyrir fjölda valkosta fyrir staðsetningu nýrra flugbrauta. Tillaga að nýjum flugbrautum er SA-NV braut suðvestan Flugstöðvar og N-S braut vestan Flugstöðvar og samsíða 02-20 brautinni núverandi, en norðar. Helstu neikvæð umhverfisáhrif nýrra brauta snúna að hljóðvist, m.a. vegna hertra reglna fyrir nýjar brautir, og varðar það Garð, Sandgerði og Hafnir.

Sýndir voru reitir fyrir tvö mismunandi flugþjónustusvæði, 136 ha og 85 ha, og þrjú athafnasvæði þar fyrir norðan.

2. Starfsreglur fyrir svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja

Lögð var fram tillaga samvinnunefndar að starfsreglum fyrir svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja. Skipulagsnefndin samþykkti starfsreglurnar fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki ISAVIA á kostnaðarskiptingu.

3. Deiliskipulag reita F og H

Fram hefur farið grenndarkynning vegna stækkunar syðsta hluta Flugstöðvarinnar til vesturs. Málið var til umfjöllunar á síðasta fundi nefndarinnar og var samþykkt að



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

grenndarkynna deiliskipulagstillögunu. Engar athugasemdir bárust. Skipulagsnefndin samþykkir deiliskipulagstillögunu

4. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 23.01.2014.

Fleira ekki gert, fundi slitið.